

Mál nr. 251/2014
M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar vinnuvélarinnar A
og
V2 vegna ábyrgðartryggingar ökutækis B.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs 28.12.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 13.8.2014 ásamt fylgiskjölum
2. Bréf V1, dags. 27.8.2014, ásamt fylgiskjölum
3. Tölvupóstur V2, dags. 9.9.2014

Málsatvik.

M var við snjómkstur á traktorsgröfu í íbúðargötu í Vesturbyggð. Var hann að aka afturábak eftir götunni þegar bifreiðinni B var ekið afturábak út stöðureit við íbúðarhús og inn á götuna þar sem árekstur varð milli ökutækjanna.

Samkvæmt frásögn M var töluverður snjór í götunni. Vinnuvél í snjómokstri fylgi mikill hávaði og ljósagangur viðvörunarljósa og ökuljósa. Því hefði ökumanni B mátt vera ljóst að verið væri að moka götuna og hann hefði því átt að gæta sérstakrar varúðar þegar hann bakkaði út í götuna. Það hafi hann ekki gert og beri því að fullu sök á árekstrinum.

Í athugasemdum V1 kemur fram að rík aðgæsluskylda hvíli á báðum ökumönnum þegar ekið var afturábak. Hvorugur ökumanna hafi gætt nægrar varúðar miðað við aðstæður og því beri að skipta sök til helminga.

Álit.

Í atviki þessu er ljóst að báðir aðilar eru að bakka ökutækjum sínum og árekstur verður. Hvorugur aðili gætti nægjanlega að umhverfi sínu áður en þeir óku aftur á bak og verður sök því skipt til helminga.

Niðurstaða.

Helmingur tjóns M bætist út ábyrgðartryggingu ökutækisins B hjá V2 og helmingur tjóns B bætist út ábyrgðartryggingu vinnuvélarinnar A hjá V1.

Reykjavík 3.10.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.